



BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

21. fundur stjórnar Bygðasafns Árnesinga var haldinn mánudaginn 16. mars 2026 kl. 16 á Teams. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Gestur fundarins var Arnar Leó Guðnason endurskoðandi hjá KPMG. Þetta var tekið fyrir:

- Ársreikningur Bygðasafns Árnesinga 2025.** Lagður var fram ársreikningur fyrir nýliðið ár gerður af KPMG endurskoðun. Arnar Leó útskýrði ársreikninginn. Á árinu 2025 voru greiddar 51,6 millj. kr. í laun auk 12,4 millj. króna í launatengd gjöld. Á árinu unnu 12 starfsmenn hjá safninu í 4,3 stöðugildum. Rekstrarniðurstaða ársins 2025 var jákvæð um 5,4 millj. kr. samkvæmt rekstrareikningi. Fjármagnsgjöld voru 11,5 millj. kr. Eigið fé safnsins nam 34,5 millj. kr. í árslok 2025 samkvæmt efnahagsreikningi. Heildarveltan varð 111 millj. kr. Ársreikningurinn var ræddur. Ljóst er að rekstur safnsins er í góðu jafnvægi. Stjórn safnsins og safnstjóri árituðu ársreikninginn með rafrænni undirskrift.
- Ársskýrsla Bygðasafns Árnesinga fyrir árið 2025.** Safnstjóri lagði fram ársskýrslu fyrir starfsárið 2025. Henni verður dreift rafrænt til sveitarfélaga héraðsins og fer einnig á www.byggdasafn.is.
- Verkátun viðgerða og viðhalds 2026.** Safnstjóri lagði fram verkátun vegna viðgerða og viðhalds á húsakynnum safnsins. Í rekstrarátun er gert ráð fyrir 4,5 milljónum króna í framkvæmdir.
- Bókhald og tengd þjónusta.** Mundakot ehf á Selfossi hefur tekið að sér bókhald og skylda þjónustu eftir útboð Héraðsnefndar Árnesinga. Og eins og áður felur stjórnin safnstjóra að taka saman rekstrarkostnað mánaðarlega og upplýsa stjórn.
- Starfsemin.** Um þessar mundir er verið að undirbúa opnun safnsins í apríl þar sem opið verður um páska og í kringum sumardaginn fyrsta. Páskasýningin ber heitið „Bjargvætturinn“ og opnar laugardaginn 28. mars. Sýningin verður í Kirkjubæ og greinir frá giftusamlegri björgun vörubílstjóra sem féll í Ölfusá 6. september 1944. Smíðjur verða í boði, „páskaegg í lit“ um páskana og „blóm í mold“ á sumardaginn fyrsta og næstu daga á eftir. Sérstök dagskrá verður fyrir börn í samvinnu við Brunavarnir Árnessýslu 25. apríl í tengslum við barnamenningarhátíð Vors í Árborg. Þjóðbúningaskrúðganga verður í samvinnu við Þjóðbúningafélag Íslands þann 14.

maí. Í sumar verða margvíslegir viðburðir í tengslum við sýninguna „Yfir beljandi fljót“. Undirbúningur er hafinn að sýningunni „Bátar og býli“ í forsal Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Um þessar mundir koma leikskóla- og grunnskólanemar í safnið og kynnast vel völdum þáttum fortíðar. Ört er tekið á móti hópapöntunum vegna vorferðalaga skóla og annarra hópa. Unnið er að gerð nýs leiðsögubæklinga sem tilbúinn verður fyrir sumarið. Gerð viðbragðsáætlana fyrir safnhúsin er í vinnslu. Verið er að leita eftir starfsfólki í gæslu og leiðsögn í sumar.

6. **Næsti fundur.** Hann verður haldinn 4. maí kl. 18.

Fleira ekki rætt að sinni. Fundi lauk kl. 16,45.

Fundargerðin var undirrituð með rafrænum hætti.

Sandra Sigurðardóttir

Þórhildur Dröfn Ingvadóttir

Árni Eiríksson

Lýður Pálsson